

Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá Þuríði Backman.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 100%: Vegna þeirra sem eru eldri en 67 ára, eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. nánari útfærslu í reglugerð ráðherra. Sama gildir um sjómenn 60 ára og eldri sem uppfylla framangreind skilyrði.
2. 100%: Vegna þeirra sem fengið hafa 75% örorkumat skv. 12. gr., eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum, sbr. nánari útfærslu í reglugerð ráðherra. Sama gildir um endurhæfingarlífeyrisþega sem uppfylla framangreind skilyrði.
3. 100%: Vegna barna og unglinga, yngri en 20 ára. Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna gullfyllinga, króna, brúa eða annarrar sambærilegrar meðferðar, svo sem tannplanta.
4. 100%: Vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem fá greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. nánari útfærslu í reglugerð ráðherra.
5. 75%: Vegna öryrkja og þeirra sem eru 67 ára og eldri sem fá ekki greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. nánari ákvæði í reglugerð ráðherra.

Endurgreiðsluhlutfall vegna annarra þátta en almennra tannlækninga skal vera það sama en ráðherra skal útfæra það nánar í reglugerð.

b. 3. og 4. mgr. falla brott.

Prentað upp.